

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2012

2012/EES/70/01

frá 28. september 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2011 frá 27. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1109/2011 frá 3. nóvember 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005 að því er varðar jafngildar aðferðir við tríkínuprófanir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/898/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/852/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Rúmeníu, og skipulagskröfur sem gerðar eru til slíkra stöðva ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/899/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu ákvörðun 2009/861/EB um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur, í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn og inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 28.

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004) í hluta 1.1:
„– **32011 R 0739**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2011 frá 27. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í fyrsta undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) og 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:
„– **32011 D 0898**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/898/ESB frá 21. desember 2011 (Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 22).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í annan undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:
„– **32011 D 0899**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/899/ESB frá 21. desember 2011 (Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 28).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005) í hluta 6.2:
„– **32011 R 1109**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1109/2011 frá 3. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 23).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í fyrsta undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 D 0898**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/898/ESB frá 21. desember 2011 (Stjtið. ESB L 345, 29.12.2011, bls. 22).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 739/2011 og 1109/2011 og ákvarðana nr. 2011/898/ESB og 2011/899/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.